

Nr. 028 / 11 Blíða SH 277**Vélarbilun og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 1178
IMO nr 0
Smíðaður: Seyðisfirði 1971 stál
Stærð: 61,9 brl. 61 bt.
Mesta lengd: 23,32 m Skráð lengd: 20,64 m
Breidd: 4,8 m Dýpt: 2,45 m
Vél: Caterpillar 269 kW, 1979
Fjöldi skipverja: 4

Gögn:

Gögn RNS



Blíða ©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. ágúst 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 9. mars 2011 var Blíða SH 277 á landleið til Stykkishólms. Veður: NA 7 – 9 m/sek.

Þegar báturinn var um hálfa sjómílu fyrir austan Elliðaeyjar sáu skipverjar að gufustrókur kom frá vélinni og skömmu síðar stöðvaðist hún. Í ljós kom að múffa hafði gefið sig með þeim afleiðingum að kælivatn fór af vélinni. Skipstjórinn óskaði eftir aðstoð og Þórsnes II SH dró Blíðu SH til hafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að tengimúffa á kælivatnslögn frá varmaskipti niður í hringrásardæluna fór í sundur. Varmaskiptirinn var notaður til að kynda skipið og er hann festur við loft vélarúmsins;
- að skipt hafði verið um hringrásardæluna nokkrum dögum áður af pípulagningarmanni og gengið frá tengingu við hitaskiptinn. Álitamál voru uppi um hvort þessi múffa hafi verið nægjanlega hert eða hvort hún hafi verið af rétttri gerð. Hvað varðar hersluna



Tengimúffa – pakkning – dæla- tenging við vél

báru röraendar þess merki að leyfar úr pakkningunni sátu eftir vegna pressunnar;

- að tvær samskonar tengingar eru á hringrásinni önnur er uppi við loft sem tengist við varmaskiptinn og fylgir hún því titringi skipsins. Það hafði ekkert los komið á hana. Hin var, eins og að framan segir, tengd varmaskiptinum og hringrásardælu sem svo aftur var tengd við kælivatnsgeymi vélarinnar. Það mæddi því titringur bæði frá vélinni og skipinu á tengingunni. Ró á múffu tengingarinnar skrúfaðist af stút hitaskiptisins svo allt kælivatn flæddi af vélinni og hún ofhitnaði með slæmun afleiðingum;
- að umrædd tenging er mjög algeng og nánast ráðandi við tengingu hitaskipta í landi og hefur reynst mjög vel. Þess ber að geta að þar sem mikill titringur reynir á pakkninguna og það jafnvel báðu megin af misjafnri tíðni þá eru meiri líkur á að pakkningin gefi eftir og los komi á róna. Þarna hefði hefðbundið „kóníst“ „úníon“ dugað betur eða að öðrum kosti að tengingin hefði verið fest tryggilega við skipið eins og sú sem var ofan við hitaskiptinn.

Nefndarálit:

Nefndin telur orsök bilunarinnar vera ófullnægjandi frágangur.